

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 245 frá 20. mars 1983 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

*Viðskiptaráðuneytið, 15. mars 1983.*

F. h. r.  
Sveinn Björnsson.

*Yngvi Ólafsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Þorlákshöfn.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Ölfushrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Þorlákshöfn, Ölfushreppi:

- 1) Umferð um Óseyrabraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Selvogsbraut, Reykjabraut, Oddabraut, Egilsbraut, Unubakka, tengigötu v. Hafnarness, Hafnarskeiðs og Svartaskersbryggju skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 2) Umferð um Selvogsbraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Símsstöðvarbraut, Skálholtsbraut, Unubakka, Hafnarbergi, Sambyggð og Setbergi skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 3) Umferð um Sambyggð skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Eyjahrauni og Básahrauni skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 4) Umferð um Heinaberg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Knarrarbergi skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 5) Umferð um Hafnarberg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Knarrarbergi og Egilsbraut skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 6) Umferð um Egilsbraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Skálholtsbraut, Hjallabraut og Háaleyti skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 7) Umferð um Skálholtsbraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Oddabraut og Reykjabraut skv. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 8) Umferð um Hafnarskeið skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af tengigötu v. Hafnarness, L-bryggju og Svartaskersbryggju skv. ákv. 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. apríl 1983.

*Lögreglustjórinn í Árnæssýslu, 25. mars 1983.*

Andrés Valdimarsson.